



Grunnmenntaskóli - Námsskrá -

Inngangur.....	1
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum	3
Lokamarkmið	3
Skipulag náms.....	4
Námsþættir og lýsingar	5
Kynning	5
Sjálfsstyrking og samskipti.....	6
Námstækni	7
Íslenska.....	8
Framsögn og ræðumennska	9
Enska.....	10
Stærðfræði	11
Tölvu- og upplýsingatækni	12
Þjónusta	13
Verkefnavinna	14
Náms- og starfsráðgjöf	15
Færnimappa.....	16
Mat á námi og skólastarfi.....	17
Mat til styttingar náms í framhaldsskóla.....	18

Grunnmenntaskólinn er hannaður af Mími-símenntun (áður MFA) í samstarfi við Eflingu-stéttarfélag og starfræktur af þeim með styrk frá fræðslusjóðum sem Efling stendur að ásamt atvinnurekendum á almennum markaði, ríki og sveitarfélögum. Grunnmenntaskólinn hefur verið starfræktur frá 2001.

Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustunda nám sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 24 einingum. Meta má námið á mótí allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Tilgangur skólans er að stuðla að jákvæðu viðhorfi námsmanna til áframhaldandi náms og auðvelda þeim að takast á við ný verkefni í vinnu. Í náminu er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námið er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldra en 20 ára og með stutta formlega skólagöngu.

Námsskrá þessi er ætluð námsmönnum, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja leggja mat á þýðingu námsins til starfs, áframhaldandi náms eða annars sem nám af þessu tagi kann að hafa þýðingu fyrir.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur til þeirra sem heimild fá til að nota námskrá þessa um að þeir framfylgi formlegu gæðakerfi sem FA þróar og viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum, sem þróaðar verða og viðurkenndar af FA.



Í Grunnenntaskóla er lögð áhersla á að námsmenn læri að læra, efla sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námsmenn byggja á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsrángur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsrángur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Til að stýra námi í Grunnenntaskóla þarf leiðtoga sem líta á sig sem leiðbeinendur og leiðsögumenn. Námsfni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum námsmanna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Námsmenn skólans eru á misjöfnum aldri, með mismilngan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarks skólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Leiðbeinandi þarf að hafa færni til að skilgreina þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum og skilgreina þá með tilliti til forþekkingar, markmiða og leiða. Hann þarf að geta ráðað niður námsfni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru til námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að hafa samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni - reynslu hans og þekkingu - fulla virðingu. Ennfremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t. d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinandi ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Ennfremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreya sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikur, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rök-ræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið, nota símataðferðir og gefa skýrslu um niðurstöður.

Framkvæmdaraðila ber að framfylgja gæðakerfi og kennslufræðilegum kröfum sem FA þróar og/eða viðurkennir.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum skólans eru eftirfarandi hugtök notuð:

- kynast í merkingunni komast í kynni við, vita af einhverju.
- þekkja í merkingunni bera kennsl á, átta sig á, hafa vitneskju um.
- auka færni sína í merkingunni að eflast, að taka framförum í viðkomandi námsgrein frá því að námsmaður hóf nám.
- vera fær um í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögð, gera sér grein fyrir einhverju, vita hvernig eitthvað er.



Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- þekki leiðir sem henta honum til náms, með því að prófa þær aðferðir og námsgreinar og leysa þau verkefni, sem lögð eru fyrir í námsstarfinu.
- auki færni sína í námsþáttum skólans.
- hafi jákvæð viðhorf gagnvart áframhaldandi námi, og sé fær um að nota námsaðferðir, sem best hafa reynst í námsstarfinu.
- geri færnimöppu, þar sem námsmaður lýsir almennri færni, persónulegri færni og starfslegri færni sinni á þann hátt að trúverðugt sé fyrir aðra námsmenn og leiðbeinanda.
- sé fær um að lýsa áhugasviðum sínum og sterkum og veikum hliðum.
- bæti sjálfstraust sitt og auki færni sína í samskiptum við aðra.
- sé fær um að tjá skoðanir sínar fyrir framan hóp annarra námsmanna skólans.
- sé fær um að vinna verkefni sjálfstætt og skipulega, afla upplýsinga með ýmsu móti og miðla þeim munnlega og skriflega til annarra.
- hafi mætt a. m. k. 80% skv. stundaskrá skólans.

Í Grunnmenntaskóla eru ekki lögð fyrir formleg próf en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og framfarir hjá námsmönnum séu tryggðar. Leiðbeinandi á að hafa færni til að meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, meta námsferlið og nota símataaðferðir.



Grunnmenntaskóli er nám í samtals 300 kennslustundir. Hver kennslustund er 40 mínútur. Námsmenn eiga ekki að vera fleiri en 18. Lesblindum á að liðsinna þegar erfiðleikar þeirra koma í ljós. Sem dæmi um skipulag og framkvæmd má nefna að í Grunnmenntaskóla hefur verið kennt utan vanalegs vinnutíma, 2-3 kvöld í viku og allt að 5 kennslustundum á laugardegi.

Æskilegt er að umsjónarmaður skólans sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja skólastarfsins. Hann sér til þess að samþætting námsþátta eigi sér stað.

Heimilt er að breyta vægi einstakra þátta námsins, fella niður námsþætti og bæta við aðra, eða bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið skólans né tilgang hans.

Þessi námsskrá byggir á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþáttur	Kst
Kynning	5
Sjálfsstyrking og samskipti	20
Námstækni	10
Íslenska	55
Framsögn og ræðumennska	15
Enska	40
Stærðfræði	40
Tölvu- og upplýsingatækni	40
Þjónusta	10
Verkefnavinna	25
Náms- og starfsráðgjöf	15
Færnimappa	20
Mat á námi og skólastarfi	5
Samtals	300

Námsþættir og lýsingar

Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að allt starfs skólans er til að greiða fyrir námi. Ennfremur að námsmenn skólans hafa misjafna lífsreynslu, læra með mismunandi hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga, eins og kostur er, að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur verða að laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðins fólks sem er að reyna sig í námi jafnvel eftir langt hlé.



Kynning

5 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki forsendur náms í Grunnmenntaskóla, kröfur sem gerðar eru til námsmanns, hópans, leiðbeinanda og námsaðstæðna.
- kynnist hvorir öðrum.
- verði færir um að tjá væntingar sínar til skólavistarinnar.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins. Einnig að leiða í ljós væntingar sem námsmenn hafa til skólastarfsins. Losað er um spennu jafnframt því að námsmenn kynnast hvorir öðrum og leiðbeinanda. Námsmenn skrifa niður markmið sín og væntingar til þess að minna sig á eftir því sem fram vindur náminu og bera saman við stöðu sína í lok náms. Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferð, sem losar um spennu jafnframt því að þeir kynnast.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, umræður, hópstarf.

Námsefni:

Námsskrá skólans og dagskrá.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- séu færir um að tjá sig í hópnum.
- þekki samhengi milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum við aðra.
- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust.
- þekki hvernig einstaklingur hefur áhrif á hvort sjálfstraust hans er mikið eða lítið.
- þekki hvernig þeir geta öðlast færni til að byggja upp sjálfstraust sitt.
- þekki grundvallaratriði góðra mannlegra samskipta og mikilvægi þeirra fyrir vellíðan einstaklingsins og árangur í starfi.
- þekki vel undirstöðuatriði tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.

Námslýsing:

Megináhersla lögð á ólík samskiptamynstur og mismunandi framkomu fólks. Ákveðni, óákveðni og ágengni í samskiptum. Áhrif mismunandi sjálfstrausts á framkomu fólks. Atriði sem helst geta ógnað sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við. Leiðir til að stuðla að betra sjálfstrausti og öruggari framkomu, þannig að fólk nái betri árangri í samskiptum, sé ánægðara og líði betur. Ýmis atriði í samskiptatækni s.s. að hlusta, að gagnrýna, að taka við gagnrýni, að leysa ágreining. Helstu atriði varðandi samskipti á vinnustað og vinnustaðamenningu, einelti og helstu leiðir til að koma í veg fyrir það. Viðfangsefni geta til að mynda verið togstreita, ákveðni/óákveðni, samskiptahæfni, reiðistjórnun eða annað sem ákveðið er í sameiningu af námsmönnum og leiðbeinanda.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, umræður, sjálfsmat og verklegar æfingar í hópum.

Námsefni:

T. d. Sjálfsstyrking; Mímir-símenntun.



Námstækni

10 kennslustundir auk samþættingar við aðra námsþætti

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki í aðalatriðum hvað hefur áhrif á nám.
- þekki undirstöðuatriði í námstækni.
- þekki aðferðir við að muna og skilja.
- séu í lok skólans færir um að nota námstækni sem hentar eigin námsstíl.
- séu í lok skólans færir um að nota aðferðir til að vinna sjálfstætt og skipulega.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á helstu atriði sem hafa áhrif á námsgetu þ.á.m. upplag hvers og eins, áhuga, virkni, reglufestu og einbeitingu. Einnig samstarf námsmanns og leiðbeinanda, samstarf námsmanna innbyrðis og samstarf þeirra við leiðbeinandann. Verkefni sem gefa vísbendingar um námsstíl og verkefni með aðferðum sem auðvelda nám (t.d. skima, strika undir, skrá minnisatriði, gera hugkort og vinna í hóp). Unnið er áfram með námstækni í öðrum námsþáttum skólans.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni.

Námsefni:

T.d. Námstækni; Mímir-símenntun.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki aðferðir til að geta tjáð sig skriflega og munnlega á góðri íslensku.
- þekki hvernig hægt er að koma hugsun og hugmyndum frá sér á góðu máli.
- þekki helstu réttritunar- og málfræðireglur.
- séu færir um að setja upp ritgerðir og greinargerðir.
- kynnist skapandi skrifum.
- kynnist bókmenntalegum hugtökum.
- séu færir um að tjá sig munnlega og skriflega á íslensku við skil verkefna í náminu.
- auki færni sína í ritvinnslu á tölvu.
- auki færni sína í námstækni.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á réttritunarreglur, orðflokka og beygingar, eftir því sem við á, eftir að forþekking námsmannanna hefur verið könnuð. Undirstöðuatriði ritgerðarsmíði og greinargerðir. Grundvallaratriði í skapandi skrifum. Helstu hugtök við bókmenntagreiningu. Eftir atvikum er kannaður texti í bókum, dagblöðum, tímaritum og á Netinu. Námsmenn skoða texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði. Námsmenn nota sem fjölbreyttust hjálpargögn; tölvu, orðabækur og handbækur. Námsmenn hvattir til að þjálfa námstækni sína jafnframt íslenskunáminu. Unnið er áfram með íslensku í öðrum námsþáttum skólans s.s. tölvum, framsögn og verkefnavinnu.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi kynnir efnið og stjórnar umræðum. Námsmenn vinna verkefni. Námið er samþætt tölvunámi, verkefnavinnu og námstækni. Leiðbeinendur í íslensku, verkefnavinnu og tölvum hafa með sér samráð um verkefni.

Námsefni:

T. d. efni frá Mími-símenntun og Stafsetningarbók eftir Ólaf M. Jóhannesson.



15 kennslustundir auk samþættingar við verkefnavinnu

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki færni sína í að þora að standa upp og taka til máls fyrir framan hópinn.
- séu færir um að láta skoðun sína í ljós fyrir framan hóp samnemenda sinna.
- séu færir um að taka gagnrýni frá hópnum.

Námslýsing:

Námsmenn þjálfa helstu atriði munnlegrar tjáningar, framkomu í ræðustóli og hæfni í skoðanaskiptum. Einnig að gagnrýna aðra og taka gagnrýni. Unnið er áfram með námsþáttinn í verkefnavinnu.

Námsaðferð:

Leiðsögn leiðbeinanda og verklegar æfingar.

Námsefni:

T.d. efni frá Mími-símenntun.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- kynnist grundvallaratriðum í töluðu og rituðu máli.
- auki hagnýtan og virkan orðaforða í ensku.
- auki færni sína í ensku talmáli.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á grunnatriði í framburði og málfræði daglegs máls. Áhersla er lögð á lestur, hlustun og tjáningu með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Enskt talmál er æft m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Skriflegi þátturinn þjálfaður með æfingum í tengslum við þá efnisflokka sem unnið er með.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda, talæfingar, hlutverkaleikur og skriflegar æfingar.

Námsefni:

T.d. efni frá Mími-símenntun.



40 kennslustundir auk samþættingar við tölvunám

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- séu færir um að nota samlagningu, frádrátt, margföldun, deilingu, prósentureikning.
- séu færir um að nota vasareikni til einfaldra reikniaðgerða.
- auki færni sína í að nota töflureikni.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á grundvallaratriði stærðfræði og prósentureiknings með hliðsjón af könnun á stærðfræðipækkingu námsmanna. Verkefni eru unnin í stærðfræðitímum og í tölvutímum. Verkefnin fela í sér skilgreiningu á prósentum og dæmi um prósentureikning, þ.m.t. útreikning á virðisaukaskatti og verðafslætti, útreikning launa og gerð einfaldra launaseðla og myndræna framsetningu hlutfalla. Námsmenn hvattir til að þjálfa námstækni sína jafnframt stærðfræðináminu.

Námsaðferð:

Útskýringar leiðbeinanda og verkefnavinna. Lengra komnir aðstoða þá sem styttra eru komnir. Samþætt töflureikni í tölvunámi. Leiðbeinendur í stærðfræði og tölvum hafa með sér samráð um verkefni.

Námsefni:

T.d. Grunnhefti í stærðfræði frá Mími-símenntun.



40 kennslustundir, samþættar við aðrar greinar eins og hægt er

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- auki færni sína í notkun ritvinnslu, töflureiknis, vafra, og tölvupósts.
- þekki hvernig tölvur eru notaðar til upplýsingamiðlunar.
- séu færir um að nota tölvu til að skrifa texta.
- auki færni sína í íslensku.
- auki færni sína í stærðfræði.
- auki færni sína í námstækni.

Námslýsingar:

Megináherslan er lögð á notkun ritvinnslu, töflureiknis, Netsins og tölvupósts. Eftir könnun á tölvukunnáttu námsmanna er æfð fingrasetning og unnin verkefni eins og að gera möppur, vista og sækja skjöl. Í ritvinnsluforrit er sleginn inn texti, hann sniðinn og skreyttur. Textinn hefur gildi fyrir íslenskunám og uppsetningu ritgerða jafnframt því að æfa vinnu á tölvu. Í töflureikni er reiknað með hliðsjón af því sem reiknað er í stærðfræðitímum auk þess gerð gröf og listar. Leitað gagna og heimilda á Netinu. Unnið með tölvupóst. Námsmenn hvattir til að þjálfa námstækni sína jafnframt tölvunáminu.

Námsaðferð:

Verkefni unnin á tölvur. Lengra komnir aðstoða styttra komna. Samþætt við íslensku, námstækni og stærðfræði. Leiðbeinendur í íslensku og tölvum hafa með sér samráð um verkefni. Unnið er áfram með tölvur í verkefnavinnu.

Námsefni:

T.d. efni frá Mími-símenntun.



Þjónusta

10 kennslustundir

Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki tengslin milli sjálfstrausts, samskipta og þjónustu.
- þekki undirstöðuatriði í þjónustu við viðskiptavini.
- þekki undirstöðuatriði þjónustu innan fyrirtækis.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á hvernig góð þjónusta byggir á góðu sjálfstrausti og samskiptum. Mikilvæg atriði í þjónustu við viðskiptavini. Hvernig á að taka á erfiðum viðskiptavinum og taka á móti kvörtunum? Þjónusta inn á við, þegar ein deild þjónustar aðra, flöskuhálsar og upplýsingaflæði. Samskipti við vinnufélaga.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda. Umræður og verklegar æfingar.

Námsefni:

T.d. efni frá Mími-símenntun.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- séu færir um að afla upplýsinga og vinna úr þeim.
- séu færir um að vinna með heimildir.
- auki færni sína til að vinna í hópi.
- séu færir um að tjá sig munnlega og skriflega á góðri íslensku við skil á verkefnum.
- séu færir um að nota tölvur til verkefnavinnu í náminu.
- auki færni sína í íslensku.
- auki færni sína á tölvur.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á að námsmenn vinni í hópum. Námsmenn velja áhugavert efni í samvinnu við leiðbeinanda, afla upplýsinga, vinna úr þeim og skrifa ritgerð. Í lok vinnunnar leggja námsmenn fram verkefni sín og kynna fyrir öðrum í skólanum. Upplýsinga er aflað á bókasöfnum, Netinu, með viðtölum eða á annan hátt.

Áhersla er lögð á að styrkja samkennd námsmanna og að efla tjáningarhæfni þeirra og sjálfstraust svo þeir geti sett fram skoðanir sínar og kenningar um margvísleg málefni og rökrætt sín á milli. Meginmarkmið þessa er að gera námsmanninn hæfan til að vinna sjálfstætt að rannsóknarverkefni, beita öguðum vinnubrögðum og skrifa um það ritgerð. Ritgerð er skrifuð á tölvu. Námsmenn kynna efni sitt með þeim aðferðum sem þeir kjósa.

Námsaðferð:

Leiðbeinandi veitir námsmönnum leiðsögn en að öðru leyti stunda þeir sjálfstætt nám og bera sjálfir ábyrgð á framgangi vinnu sinnar.

Námsefni:

T.d. efni frá Mími-símenntun.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki þætti sem hafa þarf í huga við náms- og starfsval.
- þekki sjálfa sig, áhugasvið, hæfni og styrkleika m.t.t. náms- og starfsvals.
- þekki aðferðir til að setja sér markmið og axla ábyrgð á náms- og starfsvali og starfsánægju.
- þekki undirstöðuatriði í gerð ferilsskrár.
- þekki undirstöðuatriði starfsmannaviðtala.

Námslýsing:

Megináhersla er lögð á ábyrgð einstaklings á starfsánægju og markmiðssetningu. Ennfremur þátt áhugasviða, starfsferils og námsferils auk starfsmannaviðtala. Verkefni svo sem áhugasviðskönnun, undirbúningur að gerð ferilsskrár og undirbúningur fyrir starfsmannaviðtöl.

Námsaðferð:

Kynning leiðbeinanda. Verkefni fyrir einstaklinga. Umræður.

Námsefni:

T.d. Starfsráðgjöf og atvinnuumsóknir, Mímir-símenntun.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- séu færir um að gera færnimöppu þar sem þeir lýsa persónulegri, almennri og starfstengdri færni sinni, ásamt náms- og starfsferli.
- séu færir um að safna saman og halda saman gögnum sem lýsa og staðfesta færni þeirra.
- séu færir um að skrifa upplýsingar í færnimöppuna í tölvu.
- Sýni afurðir sínar þeim sem koma á skólaslit og svari fyrir þær.

Námslýsing:

Hver námsmaður gerir færnimöppu fyrir sig. Í hana skráir hann persónulegar upplýsingar og námstengda færni. Réttindi og skírteini. Einnig tungumálakunnáttu og tölvukunnáttu. Starfstengd færni, samskiptafærni og önnur færni sem hefur fengist með áhugamálum og trúnaðarstörfum er skráð. Einnig safn eða skrá yfir fylgiskjöl sem varða færni eiganda möppunnar.

Námsaðferð:

Einstaklingsvinna studd leiðsögn leiðbeinanda og umræðum við yfirmenn, sjálfsmat/hópmat. Tölvuvinna. Sýning á afurðum námsmanna.



Námsmarkmið:

Að námsmenn

- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á markmið sín og framfarir sínar í skólanum.
- leggi mat á skólastarfið og markmið þess.

Námslýsing:

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist í náminu. Í lok námsins fara námsmenn yfir hverju það hefur skilað hverjum einstökum og hópnunum í heild. Námsmenn skoða markmið sem þeir settu sér í upphafi námsins og væntingar þess og bera saman við stöðu sína í lok náms. Leiðbeinandi metur árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf, metur námsferlið og notar símataðferðir t.d. gátlista til að staðfesta að námsmenn hafi náð lokamarkmiðum skólans á ásættanlegan hátt, svo og markmiðum námsþátta skólans. Námsmenn leggja mat á skólastarfið, markmið skólans, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð:

Hópstarf og umræður sem byggja á sjálfsmati og hópmati.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta Grunnmenntaskólann til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 24 einingum. Meta má skólann á móti allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrkleika viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti í Grunnmenntaskólanum má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA 1999:

ÍSL 102 Læsi, ritun og tjáning

ÍSL 202 Bókmenntir og málfræði

TJÁ 102 Tjáning og samskipti

LKN 103 Lífsleikni

LKN 111 Einstaklingur, samfélag, menning

ENS 103 Málfræði og orðaforði

SÁL 103 Almenn sálfræði

FÉL 103 Almenn félagsfræði

STÆ 103 Jöfnur, rúmfræði og hlutföll

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda í Grunnmenntaskóla
2. Starfsferilsskrá
3. Viðtöl við einstakling þar með talið sjálfsmat
4. Stöðupróf

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



www.frae.is, sími 599 1400